Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Reykjavík, 9. júní 2020
R20020250

**Innkaupa- og framkvæmdaráð**

***Niðurstöður útboðs nr. 14736 – "Rammasamningur um kaup á hreinlætisvörum".***

Fimmtudaginn 28. maí voru opnuð tilboð vegna útboðs Reykjavíkurborgar um hreinlætisvörur á EES. Eftirfarandi sjö tilboð bárust frá sjö aðilum.

| | Eftirfarandi tilboð bárust: | | Samtals vegið verð án vsk. |
|---|---|---|---|
| 1 | Áfangar hreinlætisvörur ehf. (Eignarhaldsfél Áfangar ehf.) | Kr | 1.694,6 |
| 2 | Olíuverslun Íslands | Kr | 1.055,3 |
| 3 | Takk hreinlæti ehf. | Kr | 2.617,2 |
| 4 | Papco Fyrirtækjaþjónusta ehf. | Kr | 1.195,3 |
| 5 | Ræstivörur ehf. | Kr | 1.002,0 |
| 6 | Rekstrarvörur ehf. | Kr | 1.072,4 |
| 7 | Tandur hf. | Kr | 1.010,6 |

Samtals vegið verð byggir á verðum 87 vöruliða sem hafa viðkomandi vægi.

Í skilmálum útboðsgagna kemur fram að "Kaupandi mun taka lægstu tilboðum. Samið verður við fimm aðila. Berist færri en þrjú gild tilboð verður öllum tilboðum hafnað"

Innkaupaskrifstofa leggur til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að samið verði við Olíuverzlun Íslands hf., Papco Fyrirtækjaþjónustu ehf., Ræstivörur ehf., Rekstrarvörur hf. og Tandur hf. Framangreindir aðilar uppfylltu allar lágmarkskröfur útboðsgagna, þ.m.t. fjárhagskröfur.

Gildistími samnings er fjögur ár frá því að núverandi rammasamningur rennur út sem er 4. júlí 2020. Hægt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings

Virðingarfyllst,

Óskar Long Einarsson

Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa